


Liðabikar LSÍ



Mót sem teljast til liðabikars 2015 eru Sumarmótið (4.Júlí),
Haustmótið (17.Október) og Jólamótið (19.Desember).

Mótin eru stigamót þar sem verðlaunað er fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti samkvæmt
Sinclair stigatöflu í karla og kvenna flokki.

7 konur skipa fullt lið í þyngdarflokkunum -48kg,-53kg,-58kg,-63kg,-69kg,-75kg og +75kg.

8 karlar skipa fullt lið í þyngdarflokkunum -56kg, -62kg, -69kg, -77kg, -85kg, -94kg, -105kg,
+105kg

Mest telja 2 einstaklingar í hverjum þyngdarflokk.

Hægt er að vera með 2 varamenn í kvenna keppni og 2 varamenn í karla keppni sem telja ef
einstaklingur fellur úr keppni.

Eftirfarandi fjöldi stiga er veittur:

1. sæti í þyngdarflokk fær 7 stig
2. sæti í þyngdarflokk fær 5 stig
3. sæti í þyngdarflokk fær 4 stig
4. sæti í þyngdarflokk fær 3 stig
5. sæti í þyngdarflokk fær 2 stig
6. sæti í þyngdarflokk fær 1 stig

Liðabikarinn er farandbikar og er afhentur því liði sem hlýtur flest samanlögð stig út úr
þessum þremur mótum. Liðin í öðru og þriðja sæti fá einnig silfur og brons verðlaun.

Ef tvö lið eru jöfn að stigum í lok keppninnar þá vinnur það lið sem hefur flesta sigra (1.sæti).
Ef ennþá eru tvö lið jöfn þá vinnur það lið sem hefur hærri samanlagðan Sinclair af öllum
sigurvegurum (1.sæti).

Allir íþróttamenn verða að vera skráðir í Felix kerfi ÍSÍ til þess að mega keppa á mótum hjá
LSÍ og íþróttamaðurinn má ekki keppa fyrir tvö mismunandi lið í áðurnefndri liðakeppni á
keppnisárinu.

Íþróttamenn sem taka þátt í liðakeppni LSÍ verða að hafa íslenskt vegabréf eða vera með
fasta búsetu á Íslandi.

Mótanefnd LSÍ 20.5.2015

Samþykkt á stjórnarfund 25.5.2015